

Mánudaginn 20. maí 1935.

Nr. 85/1934. Þórður Bjarnason (Sjálfur)

gegn

Halldóri R. Gunnarssyni f. h. verzlunarinnar Manchester

(Jón Ásbjörnsson).

Krafa áfrýjanda um launagreiðslu eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1933: Stefndur, Halldór R. Gunnarsson, f. h. Verzlunarinnar Manchester H. R. Gunnarsson & Co., skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Þórðar Bjarnasonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum 1000 krónur með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 til greiðsludags og málskostnað í héraði. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því, sem fram er komið í málinu, var það meðal annars starf Sigurðar, sonar áfrýjanda, að halda bækur verzlunarinnar Manchester. Um áramótin 1929—1930 var hann orðinn 5 mánuðum á eftir tímanum með það verk, og bað hann föður sinn þá að inna það verk af hendi og gera ársreikninga verzlunarinnar. Þetta gerði áfrýjandi í febrúar og fyrra hluta marzmanaðar 1930, en ekki virðist hann hafa krafizt endurgjalds fyrir það fyrr en

eftir áramót 1930—1931. Árið 1930 í júlímánuði ósk-uðu meðeigendur Sigurðar yfirlits yfir verzlunar-reksturinn eftir fyrra misseri þess árs en bækurnar höfðu þá ekki heldur verið færðar fyrir þann tíma, og fékk Sigurður föður sinn, áfrýjanda, einnig til að gera það og gera reikningsyfirlit. Frá 1. okt. s. á. fór Sigurður alfarinn frá verzluninni sakir heilsubrests, en áfrýjandi gegndi stöðu hans októ-bermánuð og færði bækurnar einnig í nóvember og desember 1930, og fékk sér greitt kaup fyrir það starf hvorttveggja. En stefndi taldi verzluninni ó-skyldt að greiða áfrýjanda fyrir starf hans við bók-haldið, er hann hafði innt af hendi fyrir 1. okt. 1930, með því að það hefði verið skyldustarf Sig-urðar, sem hann hefði getað annazt, ef heilsa hans hefði leyft. Það var áfrýjanda kunnugt, að sonur hans átti að halda bækur verzlunarinnar og hann hafði því ekki nægilega ástæðu til að ætla, að verzl-unin mundi greiða honum fyrir þessa aðstoð hans til handa syni sínum, heldur mátti hann telja hana persónulegan greiða, honum veittan. Af þessum á-stæðum verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýj-anda í máli þessu, og ber því að staðfesta hinn á-frýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma á-frýjanda til að greiða stefnda 200 krónur í máls-kostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Halldór R. Gunnarsson, f. h. verzl-unarinnar Manchester, á að vera sýkn af kröf-um áfrýjanda, Þórðar Bjarnasonar, í máli þessu. Áfrýjandi greiði stefnda 200 krónur í

málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðförl að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 23. maí f. á., af Þórði Bjarnasyni, fyrrum kaupmanni, til heimilis að Lambastöðum á Seltjarnarnesi gegn Halldóri R. Gunnarssyni, kaupmanni, f. h. Verzl. Manchester H. R. Gunnarsson & Co. hér í bænum, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1931 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á árinu 1930 hafi hann unnið að því fyrir stefnda verzlun að koma bókhaldi hennar í lag yfir 17 mánaða tímabil eða frá 1. ágúst 1929 til ársloka 1930 og hafi hann reiknað sér kr. 60,00 fyrir bókhald hvers mánaðar. Þá hafi hann á þessu sama ári samið ársreikning verzlunarinnar og endurskoðað bókhald hennar fyrir árið 1929 og tekið fyrir það kr. 100,00 og loks hafi hann verið ráðinn til þess að starfa í sölubúð verzlunarinnar yfir októbermánuð 1930 fyrir kr. 500,00. Hafi sonur sinn, Sigurður Þórðarson, er á þessum tíma var meðeigandi verzlunarinnar að $\frac{1}{2}$ hluta, og stefnandi kveður jafnframt hafa verið stjórnanda hennar, ráðið sig til allra þessara starfa, en upp í þau hafi hann aðeins fengið kr. 620,00 greiddar og standi þá hin umstefnda upphæð eftir.

Stefndur, Halldór Gunnarsson, sem hafði á þessum tíma, er stefnandi kveður framangreind störf hafa verið unnin, og hefir enn prokúrumboð fyrir nefnda verzlun, hefir viðurkennt það, að hafa ráðið stefnanda vegna veikinda sonar hans, til þess að starfa í sölubúð verzlunarinnar yfir októbermánuð 1930 og fyrir kaup það, sem að framan er greint svo og til að hafa bókhald verzlunarinnar á hendi í nóv. og dez. sama ár fyrir kr. 60,00 á mánuði. Kveður hann að upphæð sú, kr. 620,00, er stefnandi hefir viðurkennt að hafa tekið á móti, sé hið umsamda kaup hans fyrir vinnu þessa. Hinsvegar hefir stefndur mótmælt því að hafa ráðið stefnanda til frekari starfa við verzlunina og haldið því fram, að hvorki fyrrnefndur sonur stefnanda

eða aðrir hafi haft heimild til þess. Kveður hann störfum og stöðu Sigurðar, sonar stefnanda, við verzlunina, hafa verið þannig háttað, að hann hafi frá því að verzlunin var stofnuð haft bókhald hennar á hendi, og er hann í júní 1928 hafi gerzt meðeigandi hennar, hafi verið svo ákveðið, að hann skyldi annast bókhaldið og auk þess hafa umsjón með daglegum rekstri verzlunarinnar, en eigi hafi hann haft heimild til þess að ráða starfsfólk til hennar eða gera aðra samninga vegna verzlunarinnar, upp á sitt einkedæmi.

Sé ráðning Sigurðar á föður sínum, stefnanda, því ekki bindandi fyrir verzlunina og henni því óskyld að greiða honum kaup fyrir vinnu hans, ekki sist þar sem starf það (bókfærsla), sem stefnandi hafi innt af hendi, hafi fallið beinlínis undir starfssvið sonar hans við verzlunina og geti stefnandi því haldið sér að honum persónulega um greiðslu fyrir það. Hefir stefndur á þessum grundvelli krafizt algerðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Stefnandi hefir hinsvegar haldið fast við þá staðhæfingu sína, að sonur hans hafi verið verzlunarstjóri við verzlunina og því að sjálfsgöðu samkvæmt þeirri stöðu sinni haft heimild til að ráða það starfsfólk til verzlunarinnar, sem þurfti. Að minsta kosti hafi hann (stefnandi) haft fulla ástæðu til að ætla að heimild sonar hans væri svo viðtæk og sé verzlunin því bundin við ráðninguna. Hefir stefnandi máli sínu til stuðnings bent á það, að sonur hans er í samningnum um kaup á $\frac{1}{3}$ hluta verzlunarinnar svo og aftur í samningnum um sölu á eignarhluta hans til fyrri eigenda verzlunarinnar nefndur verzlunarstjóri, þá hafi tvær stúlkur borið það, að oftnefndur sonur stefnanda hafi ráðið þær til afgreiðslu í sölubúð verzlunarinnar, en á því gefur stefndur þá skýringu að Sigurður hafi leitað eftir og fengið samþykki hans til ráðninga þessara, en ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda, að ráðningunni hafi verið svo farið. Loks hefir stefndur viðurkennt það, að Sigurður hafi eftir sérstöku leyfi frá honum haft heimild til þess að samþykkja vixla fyrir verzlunarinnar hönd, er hann (stefndur) var fjarverandi.

Verzlunin „Manchester“ er stofnuð af stefndum í máli þessu, Halldóri R. Gunnarssyni, ásamt öðrum nafngreind-

um manni, Júlíusi Kolbeins, með félagssamningi, dags. 18. maí 1926. Í 3. gr. félagssamnings þessa er svo ákveðið, að Halldór skuli hafa prokuruumboð fyrir verzlunina, með öllum réttindum prokuruhafa lögum samkvæmt. Er í greininni nefnt sem dæmi um starfsvið hans, að hann skuli ráða starfsfólk, panta vörur, útvega lán og annast allar daglegar framkvæmdir fyrirtækisins. Hinsvegar var svo ákveðið, að til veðsetninga eða sölu á eignum félagsins þyrfti samþykki og undirskrift beggja eigendanna, en að öðru leyti gat Júlíus ekki skuldbundið félagið. Er Sigurður, sonur stefnanda, gerðist meðeigandi að $\frac{1}{2}$ hluta í verzluninni 26. júní 1928, er því að áliti réttarins slegið föstu í kaupsamningnum, að framangreind ákvæði félagssamningsins um það hverjir gætu skuldbundið verzlunina skyldu haldast óbreytt framvegis eftir því, sem við yrði komið. Það verður því ekki annað séð, þar sem stefnandi hefir ekki sannað hið gagnstæða, en sonur hans hafi ekki haft leyfi til að koma fram út á við fyrir verzlunina og gera samninga fyrir hennar hönd nema eftir sérstöku umboði frá prokúruhafanum, Halldóri Gunnarssyni. Nú er það ekki upplýst, að nefndur Sigurður hafi fengið umboð til þess almennt að ráða starfsfólk til verzlunarinnar eða sérstaka heimild til að ráða stefnanda.

Þá virðist það in confesso í málinu að fyrrgreindur samningur, bæði upprunalegi félagssamningurinn og sölusamningurinn til sonar stefnanda hafi verið tilkynnt til firmaskrár og birtir, þannig að efni þeirra ber að skoðast sem öllum kunnugt. Gátu því hvorki stefnandi né aðrir með samningum við Sigurð son hans öðlast meiri rétt á hendur verzluninni en hann hafði heimild til að skuldbinda hana um, jafnvel þó að hann hafi verið talinn verzlunarstjórinn, því að engin lagaákvæði eða föst venja eru til um það hversu umboð verzlunarstjóra sé almennt viðtækt, þannig, að öruggast er fyrir þá, sem við verzlunarstjóra semja, að ganga úr skugga um það, í hverju einstöku falli til hvaða samninga verzlunarstjóraumboðið nær.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að fallast á það hjá stefndum, að hin umdeilda skuld sé margnefndri verzlun óviðkomandi, og styður það þetta áliti réttarins, að stefnandi, sem gerði upp efnahagsreikning verzlunarinnar fyrir árið 1930, gat ekki um skuldina á honum, en það

virðist stefnandi hafa átt að gera, ef hann taldi verzlunina eiga að greiða kröfuna. Verður stefndur því algerlega sýknaður í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 22. maí 1935.

Nr. 170/1934. Réttvísin (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Magnúsi Vilhelmssyni, Hallfríði Kristínu Guðmundsdóttur og Jóni Reinhard Jóhannssyni (Lárus Jóhannesson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 28. febrúar 1934: Hinir ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Jón Reinhard Jóhannsson, sæti, hvor um sig, betrunarhússvinnu, Magnús í 13 mánuði en Jón í 7 mánuði.

Ákærða, Hallfríður Kristín Guðmundsdóttir, sæti 25 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingar þeirra Jóns Reinhards Jóhannssonar og Hallfríðar Guðmundsdóttur skal frestað og hún falla niður, nema þau innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og séu í því máli dæmd til þyngri refsingar en sekta.

Hinir ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Jón Reinhard Jóhannsson, greiði in solidum til Kaupfélags Fellshrepps í Hofsósi kr. 95,65 í iðgjöld, en ákærður Jón Reinhard Jóhannsson greiði Gísla Benjamínssyni verzlunarmanni í Hofsós kr. 1.50 í iðgjöld.

Þá greiði ákærðu, Magnús Vilhelmsson og Hallfríður Kristín Guðmundsdóttir in solidum, gæzluvarðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum síra Pálma Þóroddssyni í Hofsósi 30 krónur í málsvarnarlaun.

Svo greiði og Jón Reinhard Jóhannsson skipuðum talsmanni sínum, Jóni hrepsptjóra Konráðssyni í Bæ, 25 krónur í málsvarnarlaun.